

STJORNARTÍÐINDI A 18 — 1980

26. september 1980.

301

Nr. 70.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1980.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 26. september 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

28. september 1980.

Nr. 71.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 28. september 1980.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson.